

5. desember 2019: Ályktun samþykkt á aðalfundi hjúkrunarráðs.



Vegna tafar á gerð kjarasamninga við hjúkrunarfræðinga

Árið 2015 var settur gerðardómur á kjaradeilu hjúkrunarfræðinga. Þann 31. mars 2019 féll hann úr gildi. Síðan hafa samningar staðið yfir milli Samninganefndar ríkisins (SNR) og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Lítið hefur frést af samningaviðræðum annað en að þær ganga hægt.

Hjúkrunarráð minnir fjármála- og efnahagsráðuneyti og SNR á þann mikla vanda sem hefur skapast í íslensku heilbrigðiskerfi vegna skorts á hjúkrunarfræðingum. Vandinn er til dæmis vel sýnilegur á bráðamóttöku Landspítala. Þar eru skilgreind pláss fyrir 36 bráðasjúklinga en þangað leita um 100 einstaklingar á sólarhring. Á hverjum degi bíða 20-40 sjúklingar á bráðamóttöku eftir innlögn á legudeild Landspítala, en á legudeildum eru að minnsta kosti 34 legurými lokuð vegna skorts á hjúkrunarfræðingum. Þess má einnig geta að vegna skorts á hjúkrunarfræðingum hefur gjörgæslurýmum á Landspítala fækkað um nær helming undanfarin áratug, því fylgir öryggisógn og takmörkun á þjónustu. Skortur á hjúkrunarfræðingum veldur auk þess verulega skertri þjónustu víða annars staðar.

Nauðsynlegt er að leggja vinnu í að laða hjúkrunarfræðinga til starfa. Laun og kjör hjúkrunarfræðinga eru lakari en sambærilegra stétta og lykilatriði að bæta úr því.

Auknar tafir á kjarasamningum eru einungis til þess fallnar að skapa enn meiri atgervisflóttu úr stéttinni með tilheyrandi ógn við öryggi sjúklinga.

Fullnægjandi mönnun er forsenda þess að hægt sé að veita viðunandi þjónustu í heilbrigðiskerfinu. Hjúkrunarráð beinir því til samningsaðila að sýna vilja í verki og ganga til samninga við hjúkrunarfræðinga sem fyrst.

Þolinmæði hjúkrunarfræðinga er á þrotum.

Fyrir hönd hjúkrunarráðs Landspítala

Marta Jónsd.

Marta Jónsdóttir
Formaður